

Afgreiðslufundur

Ár 2025 fimmtudaginn 15. maí, kl. 09:00 var haldinn 1830. afgreiðslufundur Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Fundinn sátu Óskar Ísfeld Sigurðsson, Guðjón Ingi Eggertsson, Sigríður J. Jónsdóttir og Tómas G. Gíslason sem einnig ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram umsókn Lauga Spa ehf., kt. 451009-1410, dags. 16. janúar 2025, um starfsleyfi fyrir sölu og flutningi á forpökkuðum matvælum í vefverslun. Lageraðstaða er á Sundlaugavegi 30a. Ný starfsemi.
Samþykkt að veita ótímabundið starfsleyfi.
2. Lögð fram umsókn Samkaupa hf., kt. 571298-3769, dags. 13. febrúar 2025, um starfsleyfi fyrir matvöruverslun með bakað á staðnum, sölu á grænmeti og ávöxtum og heitum kjúklingi sem kemur eldaður á staðinn (Nettó Glæsibæ) að Álfheimum 74, F2021783, rými 01 0101. Ný starfsemi.
Samþykkt að veita ótímabundið starfsleyfi.
3. Lögð fram umsókn South side ehf., kt. 520124-0980, dags. 11. apríl 2025, um starfsleyfi fyrir matsöluvagn, færanleg matvælastarfsemi (Sæti vagninn). Ný starfsemi.
Samþykkt að veita ótímabundið starfsleyfi með *Almennum skilyrðum fyrir rekstri matsöluvagna í Reykjavík samþykkt af Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur*. Leyfi fyrir matsöluvagni með samsetningu á crepes og vöfflum. Matvæli koma tilbúin til hitunar og samsetningar í vagninn.
4. Lögð fram umsókn R8iant ehf., kt. 601223-1980, dags. 5. maí 2025, um starfsleyfi fyrir dreifingu á forpökkuðum matvælum (innflutningur, heildsala og sala í vefverslun), (R8IANT). Lager er hjá vöruhúsi með starfsleyfi samkvæmt samningi þar um. Ný starfsemi.
Samþykkt að veita ótímabundið starfsleyfi.
5. Lögð fram umsókn Beauty Emporio ehf., kt. 610623-1740, dags. 15. maí 2025, um skráningu á hárgreiðslustofunni (Beauty Emporio) að Engjateigi 17-19, F2019498, rými 01 0106. Ný skráning.
Samþykkt að staðfesta skráningu, sbr. *Reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998*. Um starfsemina gilda *Almenn starfsskilyrði fyrir skráningarskyldan atvinnurekstur og Starfsskilyrði fyrir hársnyrtistofu*.
6. Lögð fram umsókn Samkaupa hf., kt. 571298-3769, dags. 12. mars 2025, um leyfi til tóbakssölu (Nettó Nóatúni) að Nóatúni 17. Endurnýjun leyfis.
Samþykkt að veita tóbakssöluleyfi til 4 ára skv. 8. gr. *Laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum*.

7. Lögð fram umsókn Samkaupa hf., kt. 571298-3769, dags. 13. febrúar 2025, um leyfi til tóbakssölu (Nettó Glæsibæ) að Álfheimum 74. Nýtt leyfi.
- Samþykkt að veita tóbakssöluleyfi til 4 ára skv. 8. gr. *Laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum.*

Fundi slitið kl. 09:32

Tómas Guðberg Gíslason

Óskar Ísfeld Sigurðsson

Guðjón Ingi Eggertsson